

Föstudaginn 9. mars 1928.

Nr. 119/1927.

Valdstjórnin (Pjetur Magnússon)
gegn

Stefáni Finnbogasyni
(Lárus Jóhannesson).

Bannlagabrot.

Dómur lögreglurjettar Ísafjarðarsýslu 26. okt. 1927: Kærður Stefán Finnbogason greiði 200 kr. sekt í ríkissjóð er afplánist með 15 daga einföldu fangelsi ef sektin er eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dómsins.

Svo greiði og kærður allan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Að því athu-uðu, að verknaður sá, sem kærður er dæmur fyrir, heyrir undir 14. sbr. 9. gr. aðflutningsbannlaganna nr. 15/1925, má staðfesta lögreglurjettardóminn, sem ekkert verulegt þykir athugavert við að öðru leyti, þó þannig að greiðslufrestur sektarinnar teljist frá birtingu dóms þessa.

Samkv. þessum úrslitum verður kærði að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, m. a. málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 80 kr. hvorum.

Þ v i d æ m i s t r j e t t v e r a :

Kærði, Stefán Finnbogason, greiði 200 kr. sekt í ríkissjóð, er afplánist með 15 daga einföldu fangelsi, verði sektin ekki greidd innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Enn greiði kærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, m. a. málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna Pjeturs

Magnússonar og Lárusar Jóhannessonar, 80 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn kærðum Stefáni Finnbogasyni, formanni á Flateyri, fyrir brot á lögum nr. 15, 1925, um aðflutningsbann á áfengi og eru mála-vextir þeir er nú skal greina:

Á opinberum fundi á Flateyri 15. des. f. á. kom fram kæra á hendur kærðum, um það, að hann hefði selt áfengi í kaupúninu undanfarin ár. En kærður neitaði þeim áburði, sem röngum, og er honum á fundinum var boðið að hreinsa sig af áburðinum kvaðst hann eigi gera það, en skoraði hinsvegar á menn þá, er borið hefðu umræddan áburð á hann, að sanna hann eða að öðrum kosti að heita opinberir ósannindamenn að áburðinum.

Við rannsókn málsins hafa nokkur vitni verið leidd í málinu. Af þeim hefir vitnið Snorri Benidiktsson staðfest fram-burð sinn með eiði um það, að það 7. jan. 1926 hafi keypt af kærðum 4 flöskur af Portvini á 12 kr. hverja flösku og greitt andvirðið við móttöku. Vitnið Guðjón Benidiktsson sjó-maður á Flateyri hefir borið, að það hafi keypt af kærðum 2 flöskur Aquaviti í september 1925, 2 dögum eftir að það kom af sildveiðum frá Siglufirði, greitt kærðum 20 kr. fyrir hverja flösku við móttöku. Á annan dag jóla sama ár, kveðst greint vitni enn fremur hafa keypt 2 flöskur af Genever af kærðum, greitt honum 15 kr. fyrir aðra þeirra við móttöku, en andvirði hinnar nokkru síðar með sömu upphæð. En þar eð vitni þetta dvelur á Hólmavík hefir eigi verið auðið að fá frekari skýrslu þess.

Vitnið Hálfðán Sveinsson sjómaður frá Hvilft, segist og hafa keypt 1 flösku af Portvini heima hjá kærðum á annan dag jóla 1925 og greitt honum 10 kr. fyrir flöskuna.

Með tilliti til þess að umrædd vitni eru ein til frásagnar um áfengiskaup þau er þau hvert um sig kveðast hafa átt við kærðan, er það eigi nægilega sannað gegn mótmælum kærðs, að kærður hafi orðið sekur um ólöglega áfengissölu til um-getinna vitna.

Næst er þess að geta, að áðurnefnt vitni, Snorri Benidiktsson hefir borið það fyrir rjettinum, að það ásamt vitninu Tr. Jónssyni sjómanni á Flateyri hafi komið heim til kærðs eftir það að dimt var orðið, haustið 1924 og keypt af honum 1 flöskn af vatnsblönduðum spiritus þ. e. brennivini, fyrir 15 kr. og greitt kærðum andvirðið við móttöku. Hafa bæði vitnin staðfest framburð sinn með eiði.

Að visu minti vitnið Snorra Benidiktsson við fyrstu yfirheyrslu, að það hefði átt umrædd áfengis kaup við kærðan í nóvember 1925, en við sampröfun við vitnið Tr. Jónsson leiðrjetti það framburð sinn á þá leið, að það hefði verið í nóvember 1924.

Um vitnið Tr. Jónsson er það upplýst, að það var undir áhrifum vins, er kaup þessi áttu sjer stað, en þó eigi svo, að það vissi eigi gerla um kaupin, enda hefir vitnið ákveðið haldið því fram, að það ásamt vitninu Snorra Benidiktssyni hafi átt áfengis kaup þessi við kærðan haustið 1924. Með því nú að greind vitni hafa unnið eið að því, að þau hafi keypt greint áfengi af kærðum haustið 1924, þykir það vera nægilega sannað í málinu.

Að rjettarins áliti hefir kærður því orðið brotlegur gegn lögum nr. 15, 1925, um aðflutningsbann á áfengi og þykir eiga að heimfæra brot hans undir 8. gr. og 14. gr. þeirra og refsing hans, er áður hefir eigi sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt lagabrot, samkvæmt greindum lagagreinum sbr. 16. gr. laganna hæfilega metin 200 kr. sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 15 daga einföldu fangelsi, sje sektin eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dómsins.

Svo ber og kærðum að greiða allan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað.